

**Sp. 857. Tillaga til þingsályktunar [315. mál]**

um grasköglaverksmiðju.

Flm.: Pórarinn Sigurjónsson, Jón Helgason, Magnús H. Magnússon, Eggert Haukdal,  
Garðar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa þátttöku ríkisins í stofnun og rekstri grasköglaverksmiðju í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, í samvinnu við sveitarfélögin í Mýrdal.

**G r e i n a r g e r ð .**

Ísland er grasræktarland, sprettutími grasa er sá tími þegar dagurinn er lengstur. Verður íslenska grasið því kjarngott og efnaríkt fóður sé það slegið eða nýtt þegar fóðurgildi þess er mest. Veltur því á miklu að hægt sé að slá eða beita grösín þegar fóðurgildi þeirra er mest, svo að verðmætasköpunin sé nýtt til fullnustu.

Allir, sem til þekkja, vita að innlend fóðurframleiðsla í grænfóðurverksmiðjum hefur reynst mjög vel og er gott fóður fyrir flestar okkar búfjártegundir, sem jafnast á við innflutt kjarnfóður að fóðurgildi.

Mýrdalurinn er einn af þeim stöðum á landinu þar sem veðurfar er hlýrra en víðast hvar annars staðar og kal sjaldgæfara í ræktunarlöndum. Er því til muna meira öryggi að koma upp grasköglaverksmiðju þar heldur en annars staðar á landinu.

Auk þess er mikil þörf á að finna verkefni, sem stuðluðu að því að styrkja búsetu á þessu svæði, og nýta þá möguleika sem fyrir hendi eru.

Í Vestur-Skaftafellssýslu er það landbúnaðurinn sem stendur undir byggðinni, og vegna langrar flutningaleiðar er hagkvæmt að geta framleitt sem mest af því fódri, sem til hans þarf, á því svæði sem hér um ræðir.

Á Búnaðarþingi 1976 var gerð ályktun um innlenda fódurframleiðslu, þar sem jafnframt er skorað á landbúnaðarráðherra að skipa nefnd til þess að gera heildaráætlun um eflingu fóduriðnaðar á Íslandi er fullnægt geti að mestu fódurbætisþörf landbúnaðarins. Nefnd var skipuð 7. maí sama ár til þess að vinna að þessu verkefni. Í nefndinni sátu sjö menn með staðgóða þekkingu og reynslu í málefnum íslensks landbúnaðar.

Nefndin samdi allítarlegt álit, en þar stendur m. a.:

„Að vandlega athuguðu máli, telur nefndin því réttmætt að gera skipulegt átak til að stórauka fóduriðnað í því skyni að draga sem frekast má verða úr innflutningi erlends fódurs. Bersýnilega þarf að mörgu að hyggja að því er varðar skipulag, uppbyggingarhraða, fjármögnun, rekstrarform, eignaraðild, dreifingarkerfi o. fl., o. fl.“

Fram kemur í nefndarálitinu að auka beri afköst hins innlenda fóduriðnaðar í um það bil 40 þús. tonn árlega, en æskilegt væri að því marki yrði náð 1990.

Segja má að framleiðslugeta þeirra verksmiðja, sem nú eru starfandi á landinu, hafi verið að mestu fullnýtt á undanförunum árum. Hafa þær framleitt 10—13 þús. tonn af hraðþurrkuðu fódri á ári.

Nú er fyrirhugað að byggja þrjár verksmiðjur, þ. e. í Hólminum í Skagafirði, Saltvík í Suður-Pingeyjarsýslu og Borgarfirði. Þó að þessar verksmiðjur verði byggðar er langt frá því að innlend fódurframleiðsla hafi náð því marki sem vísustu menn telja æskilegt. Þess vegna er augljóst að æskilegt er að byggja fleiri grasköglaverksmiðjur og velja þeim þar stað sem hráefnisöflunin er sem árvissust. Með því móti stefnum við að því að treysta íslenskan landbúnað og draga úr innflutningi á erlendu innfluttu kjarnfóðri, sem kostar þjóðina verðmætan gjaldeyri.

Áhugi á byggingu grasköglaverksmiðju í Mýrdal hefur verið meðal heimamanna um langt skeið og margar samþykktir gerðar, bæði af sveitarstjórnnum og búnaðarfélögunum í Mýrdal og Byggðasambandi Vestur-Skaftfellinga.

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja til, að sem fyrst verði hafinn undirbúningur og framkvæmdir á þessu nauðsynjamáli.

## **Fylgiskjal I.**

### **Frá sveitarstjórnnum í Hvamms- og Dyrhólahreppi í Mýrdal.**

Á árunum 1974—75 gengust búnaðarfélögin í Mýrdal fyrir umræðum um möguleika á byggingu og rekstri grasköglaverksmiðju í Mýrdal. Kosin var sameiginleg nefnd félaganna og vann hún nokkuð að öflun upplýsinga, en mun þó ekki hafa skilað endanlegu álit. Mun það að nokkru hafa stafað af því, að málið fékk fremur dræmar undirtektir opinberra aðila, sem til var leitað, og því talið að lítil von væri um að það næði fram að ganga. Búnaðarfélögin höfðu m. a. sent áskoranir hér að lútandi til landbúnaðarráðuneytisins og Landnáms ríkisins og einnig kannað möguleika á að fá land undir slíka starfsemi, og voru taldar góðar horfur á að unnt væri að leysa þann þátt málsins. Byggðasamband Vestur-Skaftfellinga hefur einnig haft þetta mál til umræðu oft og einu sinni og sent frá sér ályktanir um það.

Sveitarstjórnir í Mýrdal hafa að undanförunu fjallað um þetta mál, og er það álit þeirra, að framkvæmd sem þessi geti haft mikil og heillavænleg áhrif á þróun byggðar í sveitarfé-

lögnum í Mýrdal. Verksmiðjan mundi skapa ný og örugg atvinnutækifæri fyrir 3—4 fasta starfsmenn a. m. k., að ætla má, og að auki verulega sumarvinnu lausráðins starfsfólks.

Gera verður ráð fyrir að verksmiðjan yrði í eigu ríkisins að mestu eða öllu leyti, enda hefur sú verið raunin á um flestar slíkar verksmiðjur hér á landi. Mikilvægi þess, að fóðurframleiðsla sé að sem mestu leyti innlend, ætti að vera öllum ljóst og varasamt að treysta um of á erlendar fóðurvörur, enda þótt verð þeirra sé sem stendur hagkvæmt. Einnig má gera ráð fyrir að hagkvæmni innlendar fóðurframleiðslu muni fara vaxandi, einkum ef orka fengist til þessarar framleiðslu á betri kjörum en nú er, en eðlilegt virðist að það verði sambærilegt við orkuverð til annarrar stóriðju í landinu.

Hvað snertir staðsetningu verksmiðju í Mýrdal má sérstaklega benda á eftirfarandi: Veðurfar er hér milt og spretta yfirleitt nokkuð árviss. Sprettutími mun vera með því lengsta sem gerist hér á landi og yrði því unnt að starfrækja verksmiðjuna hér lengri tíma en víðast hvar annars staðar. Kalskemmdir eru yfirleitt í lágmarki, þótt hart sé í ári, og öflun aðfanga með allra öruggasta móti.

Flutningaleiðir eru greiðar á landi og gildir það yfirleitt jafnt vetur sem sumar, þannig að t. d. er greitt að koma vörum á hafnir allan ársins hring.

Sveitarstjórnir Hvamms- og Dyrhólahrepps skora því á þingmenn Suðurlandskjördæmis að taka þetta mál upp á Alþingi því er nú situr (104. löggjafarþingi).

## Fylgiskjal II.

### **Ályktanir og tillögur frá Búnaðarfélagi Dyrhólahrepps og Byggðasambandi Vestur-Skaftfellinga um grasköglaverksmiðju.**

Búnaðarfélagin í Mýrdal héldu sameiginlegan fund um þetta mál sumarið 1975 og var þar skipuð sameiginleg nefnd til að afla upplýsinga og gagna. Á aðalfundi Búnaðarfélags Dyrhólahrepps 1976 var samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Aðalfundur Búnaðarfélags Dyrhólahrepps í Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn í Ketilsstaðaskóla 25. apríl 1976, fer þess eindregið á leit við landbúnaðarráðuneytið og Landnám ríkisins, að reist verði heyköglaverksmiðja í Mýrdal, þar sem miklar líkur eru til þess, að unnt sé að fá leiguland hér í Mýrdal og jafnvel nokkra aðstöðu varðandi húsakost. Einnig má benda á að sprettutími og þar með starfrækslutími verksmiðju yrði að jafnaði mun lengri hér en á sams konar verksmiðju staðsettri annars staðar á landinu.“

Á aðalfundi félagsins árið eftir var málið einnig til umræðu en engin ályktun gerð.

Á aðalfundi Byggðasambands Vestur-Skaftfellinga skýrðu fulltrúar búnaðarfélaganna í Mýrdal frá þessu máli og var þar einnig samþykkt áskorun til landbúnaðarráðherra og Landnáms ríkisins um málið. Árið eftir, 1977, var eftirfarandi tillaga samþykkt á aðalfundi Byggðasambandsins:

„Aðalfundur Byggðasambands Vestur-Skaftfellinga, haldinn í Vík í Mýrdal sunnudaginn 20. mars 1977, skorar á þingmenn Suðurlands að beita sér fyrir því, að grasköglaverksmiðju verði komið upp í Mýrdal. Fundurinn bendir á nauðsyn þess, að slíkar verksmiðjur njóti eigi lakari kjara um orkuverð en annar stóriðjurekstur sem fyrir er í landinu, enda mundi það gjörbreyta rekstrargrundvelli innlendar fóðurframleiðslu.“